


# **Landsskipulag**

## **Ný sýn í skipulagsmálum**


**Málþing um landsskipulag**

**10. apríl 2008**

**Sigríður Auður Arnardóttir**




- **Tillögur um landsskipulagsáætlun**
- **Vinna við gerð frumvarps til skipulagslaga**
- **Hvað er landsskipulagsáætlun?**
- **Fyrirkomulag skipulagsgerðar**
- **Er þörf fyrir landsskipulag?**
- **Afmörkun og þýðing landsskipulagsáætlunar**
- **Hvað mun landsskipulagsáætlun fjalla um?**
- **Vinnulag við gerð landsskipulagsáætlunar og ávinningur af landsskipulagi**




## Tillögur um landsskipulag

- **Tvær nefndir sem skipaðar voru til að vinna að heildarendurskoðun skipulags- og byggingarlaga skiluðu tillögum sínum 2007. Önnur nefndin fjallaði um skipulagsþátt laganna og skilaði tillögu að frumvarpi til skipulagslaga**
- **Hlutverk nefndar m.a. að auka skilvirkni og sveigjanleika í skipulagsgerð, auka samráð og kynningu við gerð skipulags og skoða þörf á skipulagsákvæðum til almennrar stefnumörkunar á landsvísu**
- **Í frumvarpi til skipulagslaga sem lagt hefur verið fram á Alþingi er tillaga um að ríkisvaldið leggi fram stefnu sína í skipulagsmálum í formi landsskipulagsáætlunar**

## Vinna við gerð frumvarps




- **Frumvarpið fór í viðtækt umsagnar- og kynningarferli í júní 2006.**
  - ❑ Kynnt á netinu með auglýsingu í dagblöðum og öllum gefið tækifæri til að gera athugasemdir við frumvarpið
  - ❑ Sent til sérstakrar umsagnar ráðuneyta, sveitarfélaga, stofnana og ýmissa hagsmunaaðila, samtals 159 aðila. Öll sveitarfélög fengu frumvarpið sent til umsagnar
- **Frumvörpin voru lögð fram á Alþingi 2007 og 2008**
  - ❑ Frumvarpið lagt fram á vorþingi 2007 og sent til umsagnar en náði ekki fram að ganga
  - ❑ Gerðar breytingar á frumvarpinu og það lagt fram að nýju í febrúar 2008 og er nú til meðferðar hjá umhverfisnefnd Alþingis



## Hvað er landsskipulagsáætlun?

- **Stefna ríkisvaldsins í skipulagsmálum sem varðar almannahagsmuni þar sem stjórnvöld leggja fram áherslur sínar í skipulagsmálum**
- **Nánar um efni landsskipulagsáætlunar:**
  - Stefna stjórnvalda í skipulagsmálum til 12 ára sem varðar almannahagsmuni
  - Landsskipulagsáætlun er eftir þörfum ætlað að samræma stefnu stjórnvalda í ólíkum málaflokkum sem snerta skipulagsgerð sveitarfélaga
  - Í landsskipulagsáætlun er stefna stjórnvalda um sjálfbæra þróun útfærð
  - Til grundvallar landsskipulagsáætlun er markmið frumvarpsins og fyrirbyggjandi stefna um sjálfbæra þróun
  - Til hliðsjónar skal hafa áætlanir opinberra aðila sem varða landnotkun, þegar við á, sbr. skipulagsáætlanir sveitarfélaga

# Fyrirkomulag stefnumörkunar um landnotkun



- **Ákvarðanir um landnotkun eru í höndum sveitarfélaga:**

*Svæðisskipulag*



*Aðalskipulag*




*Deiliskipulag*




*Framkvæmda- og byggingarleyfi*

- **Hlutverk ríkisvaldins felst í því að gæta þess að efni og meðferð skipulagstillagna séu í samræmi við lög með staðfestingu skipulagstillagna – lögmætiseftirlit**
- **Ríkisvaldið hefur ekki lagaheimildir til að hafa áhrif á efni skipulagsáætlana og því áhrif á þróun byggðar og landnotkunar í landinu**



## Er þörf fyrir landsskipulag?


- **Ríkisvaldið hefur ekki tæki í dag til að leggja fram stefnumörkun sína um landnotkun eða til að setja fram leiðbeiningar fyrir sveitarfélög þegar þau vinna að skipulagsgerð sinni**
- **Þörf er á að samþætta áætlanir stjórnvalda sem varða landnotkun:**
  - Stjórnvöld hafi skýr markmið í ólíkum málaflokkum og stefni í sömu átt
  - Vandaðri vinna við áætlanagerð stjórnvalda sem tryggir að tekin sé afstaða til ólíkra sjónarmiða og málamiðlun náist
- **Getur komið í veg fyrir ágreining síðar meir um einstakar framkvæmdir sem varða þjóðarhagsmuni**



## Afmörkun og þýðing landsskipulagsáætlunar


- **Landsskipulagsáætlun getur náð til landsins alls, einstaka landshluta og efnahagslögsögunnar**
- **Eðli landsskipulagsáætlunar:**
  - ❑ Felur í sér stefnumörkun um landnotkun og er hún þá bindandi fyrir sveitarfélög og/eða
  - ❑ Setur fram leiðarljós fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga með viðmiðunum um ákveðna grundvallarþætti sem þeim ber að hafa í huga við vinnu sína
- **Mikilvægt að ábyrgð á skipulagi landnotkunar verði áfram hjá sveitarfélögum og þannig sé tryggt að sveitarfélög ráði sjálf þróun byggðar, uppbyggingu atvinnulífs, samgöngukerfis o.s.frv. í sveitarfélaginu**
- **Ríkisvaldið á eingöngu að hafa áhrif á landnotkun sveitarfélaga þegar þörf er á vegna almannahagsmuna og eru sveitarfélög þá bundin af stefnumörkun ríkisins**

## Hvað mun landsskipulagsáætlun fjalla um?




- **Fyrstu landsskipulagsáætluninni er ætlað að taka til stefnumörkunar um landnotkun á miðhálandi Íslands:**
  - ❑ Horft til þátta eins og verndar og nýtingar náttúruauðlinda, samgöngukerfis og uppbyggingar ferðamannaiðnaðar
  - ❑ Tekin afstaða til framtíðarnotkunar lands á þessu svæði með tilliti til orkunýtingar, náttúruverndar og umferðar
  - ❑ Hægt að taka afstöðu til þess á hvaða svæðum eigi að halda áfram frekari uppbyggingu eins og orkunýtingu og vegaframkvæmdum og hvaða svæði eigi ekki að nýta til framvæmda heldur halda ósnortnum

# Landsskipulagsáætlun fyrir miðhálandi Íslands




- **Landsskipulagsáætlun er ætlað að taka við þeirri vinnu sem unnin hefur verið af samvinnunefnd miðhálandisins og vinna að áframhaldandi stefnumörkun á svæðinu**
- **Lagt er til að samvinnunefnd miðhálandisins sem fer með skipulagsvald á miðhálandi Íslands verði lögð niður við gildistöku frumvarpsins 1. janúar 2009. Við það tímamark verður lokið því mikilvæga hlutverki samvinnunefndar miðhálandisins að samræma aðalskipulag sem liggur að hálandinu við svæðisskipulag miðhálandisins**
- **Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsáætlun fyrir miðhálandið verði lögð fram á Alþingi 2010**

# Málsmeðferð við gerð landsskipulagsáætlunar



- **Vinna við gerð landsskipulagsáætlunar:**

- ❑ Unnin í víðtæku *samráði* við sveitarfélögin, hlutaðeigandi opinberar stofnanir og ráðuneyti
- ❑ Umhverfissráðherra ákveður *áherslur* áætlunarinnar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga
- ❑ Skipulagsstofnun hefur umsjón með vinnunni, vinnur *drög að áætlun* í samráði við opinberar stofnanir og Samband íslenskra sveitarfélaga
- ❑ Drög að landsskipulagsáætlun send til ráðherra sem hefur samráð við önnur ráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga og einstök sveitarfélög eftir atvikum
- ❑ Umhverfissráðherra kynnis opinberlega *tillögu að áætlun* og sendir hana jafnframt til umsagnar tiltekinna aðila m.a. hlutaðeigandi sveitarfélaga
- ❑ Umhverfissráðherra leggur fram á Alþingi *tillögu til þingsályktunar* til 12 ára. Endurskoðuð á 4 ára fresti



## Ávinningur við landsskipulag

- Landsskipulagsáætlun unnin á gegnsæjan og lýðræðislegan hátt þar sem ólík sjónarmið takast á og fundinn farvegur sátta
- Endanlegar áherslur landsskipulagsáætlunar eru ákveðnar af Alþingi og þar með liggur fyrir skýr vilji Alþingis til stefnumörkunar og afstaða til þess hvað teljist almannahagsmunir
- Landsskipulagsáætlun mun ekki ná markmiðum sínum nema skilningur og sátt verði um efni og áherslur hennar. Víðtækt samráðsferli við stjórnvöld, atvinnulíf og íbúa landsins eiga að tryggja að svo verði
- Skipulag er eitt mikilvægasta tækið í umhverfisvernd, því er það skylda ríkis og sveitarfélaga að fara með gát og vinna vel saman þegar þau taka ákvarðanir um framtíðarumhverfi okkar